



## SAMÞYKKT UM KÖNNUN Á ÞÖRF FYRIR ÚTGÁFU HANDBÓKAR KENNARA

Sjötti aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 8.- 9. maí 2014 samþykkir að gerð verði könnun á þörf fyrir útgáfu *Handbókar kennara*. Einnig verði kannaður áhugi á breytingu á formi bókarinnar.

### **Greinargerð:**

Með breytingu á formi bókarinnar er átt við að skoðað verði útlit dagbókarinnar með það í huga að hún nýtist kennurum við skipulag skólastarfs. Dæmi um þetta gæti verið brot, stærð, fjöldi daga á opnu og fleira.